

Farm Pursuit

Kænskuleikur

Fyrir börn á aldrinum 4-8 ára

2-7 leikmenn

56 spil + viðmiðunarspjald + 6 verðlaunaborðar

15 mínútur

Markmið leiksins: Að vera fyrsti leikmaðurinn til að losna við spilin sín með því að búa til slagi sem dýraspilum og raða þeim frá hæsta til lægsta dýrsins!

Tilvalið spil til að þjálf:

-Hraða -Einbeitingu

-Athygli -Kænsku

Undirbúningur:

Spilunum er skipt á milli leikmanna.

Viðmiðunarspjaldið er sett þar sem allir sjá það.

Leikreglur:

Sá leikmaður sem hermir best eftir hesti byrjar og síðan er leikið réttisælis.

Einn af öðrum leggja leikmenn spil á mitt borðið í ákveðinni röð eftir stærð dýranna: ormur - hænuungi - kanína - hundur - kind - svín - kýr - hestur.

Hver leikmaður leikur því spili sem hann getur í samræmi við

viðmiðunarspjaldið. Til dæmis: ormur - hænuungi - kanínu - hundur. Ef leikmaðurinn á ekki kindarspil segir hann:

„hundur, engin kind“. Næsti leikmaður á leik. Ekki þarf að byrja á ormi.

Næsti leikmaður verður að fylgja rétttri röð spilanna. Í þessu tilviki getur hann t.d. aðeins spilað kind. Hann leikur: kind - svín - kýr - hestur. Þegar ein röðin er kláruð er hægt að byrja á næstu með spili sem leikmenn velja, t.d.: kanína - hundur - kind - svín. Ef leikmaður á ekki kýr segir hann „svín, engin kýr“ og næsti leikmaður á leik.

Ef það eru engin hestaspil eftir til að klára röð, þá er stærsta dýrið sem eftir er nóg til að klára, í þessu tilviki kýrin. Til að finna út hvort síðasta dýrið sé stærst, segir síðasti leikmaðurinn "kýr enginn hestur" og ef enginn hinna leikmannanna getur spilað út hesti, klárar leikmaðurinn sem spilaði kýrinni röðina og byrjar á næstu.

Gætið að, sum dýrin hafa bjöllu um hálsinn! Þegar slíku spili er leikið, verða leikmenn að slá létt á spilabunkann í velli og fyrsti leikmaður sem slær á bunkann gefur síðasta leikmanninum eitt af spilunum sínum. Ef leikmaður slær í bunkann og dýrið var ekki með bjöllu, gefur leikmaðurinn sem spilaði út síðasta spili, leikmanninum sem sló á bunkann eitt spil.

Fyrsti spilalausir leikmaðurinn í leikumferðinni vinnur borða. Einn leikur samanstendur af 6 umferðum. Í lok þeirra sigrar sá sem hefur flesta borða. Leikmaðurinn sem vann síðustu umferð hefur þá næstu.

Fljótlegra tilbrigði:

Fyrir yngri leikmenn er hægt að fækka spilunum með því að fjarlægja 3 raðir (3 af hverri dýrategund). Gætið þess að fjarlægja ekki dýrin með bjöllumnar.